

## Héraðsnefndarfundur 9. apríl 2024

### Inngangur

Vetrarstarfið 2023 – 2024 hefur verið blómlegt og kraftmikið að vanda, með fjölmörgum tónleikum og þátttöku nemenda í ýmskonar viðburðum innan og utan skólans.

Kennarar og stjórnendur hafa sótt ýmis endurmenntunarnámskeið, nám og ráðstefnur til starfsþróunar og starfsstyrkingar. Má þar nefna námskeið um barnavernd, prófdómaranámskeið, endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla og skjölun gagna. Nokkrir kennarar eru í Suzuki-kennaranámi og einn kennari er í listkennslunámi í LHÍ.

Við höfum nú alfarið flutt okkur yfir í nýja nemendaskráningarkerfið SpeedAdmin og í október komst loks tenging við greiðsluvél SportAblar. Innheimta skólagjalda hófst seinna en í venjulegu ári vegna tafa við tengingar kerfanna, en hefur gengið vel eftir að kerfin fóru að tala saman.

Stjórn tónlistarskólans heimsótti kennslustaði í uppsveitum í september (6 talsins) og hefur þá náð að skoða alla kennslustaði sýslunnar.

Í yfirlitinu hér á eftir má fá smá innsýn í starfsemina í vetur.

### Tónleikahald

#### Skemmtileg blásara- og strengjamót í haust

Helgina 9. – 10. september tóku nokkrir blásaranemendur Tónlistarskóla Árnésinga þátt í blásarasveitamóti í Vestmannaeyjum og helgina 6. – 8. október sóttu nokkrir strengjanemendur strengjamót á Akureyri. Á hvoru móti fyrir sig tóku þátt um 200 nemendur af öllu landinu. Nemendur okkar stóðu sig afskaplega vel á báðum mótum og voru skólanum til sóma.

**Ungsveit SÍ.** Tveir fiðlunemendur Tónlistarskóla Árnésinga léku með Ungsveit SÍ 24. september í Eldborgarsal Hörpu, þær Higrún Birna og Hildur Tanja.

Markmið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnast krefjandi hljómsveitarleik og þarf að standast prufuspil til að komast í hljómsveitina. Þá taka við stífar æfingar sem lýkur með tónleikum. Tónleikar Ungsveitarinnar voru einstaklega vandaðir og ljóst að að baki liggur mikil og vönduð vinna.

Núna í vor þreyttu 5 nemendur prufuspil í ungsveitina og komust allir að. Æfingar og tónleikar verða í haust.

**Deildatónleikar** allra hljóðfæradeilda fóru fram í byrjun nóvember með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá, sem saman stóð að mestu af ýmiskonar leik samspilshópa og hljómsveita.

**Hausttónleikar og Suzuki-útskriftartónleikar** voru með hefðbundnu sniði um alla Árnassýslu, en þar koma fram allir nemendur skólans, yfirleitt hver í sinni heimasveit.

**Mið- og framhaldsdeildatónleikar** fóru fram í mars. Miðdeildartónleikar í Stekkjaskóla og framhaldsdeildartónleikar í Hveragerðiskirkju.

**Framhaldsprófstónleikar** í píanóleik voru haldnir 22. mars í sal skólans, þegar Helga Höeg Sigurðardóttir lauk námi við skólann með tónleikum.

Framundan er mikið tónleikahald og fleiri viðburðir:

**Nótutónleikar** í Salnum Kópavogi 13. apríl kl. 15:00. Tveir nemendur Tónlistarskóla Árneseinga koma fram, þær Valdís Jóna og Hildur Kristín.

**Framhaldsprófstónleikar Kristínu G. Guðnadóttur** í söng, í Selfosskirkju 18. apríl kl. 18:00

**Eurovision-þematónleikar** í Stekkjaskóla Selfossi, Skálholtskirkju, Þorlákskirkju og Hveragerðiskirkju  
20. apríl kl. 10:00, 12:30, 15:00

**Framhaldsprófstónleikar Sigurrósar Lilju** Ragnarsdóttur í söng, í Hveragerðiskirkju 8. maí kl. 18:00

**Smiðjuvika** 13. – 17. maí. Kennsla stokkuð upp og nemendum boðið upp á námskeið og smiðjur í stað hefðbundinnar kennslu.

**Skólaslit** með hefðbundnum hætti á öllum kennslustöðum 21. – 27. maí, þar sem fléttast saman tónlistardagskrá og afhending prófskírteina.

---

[Aðrir viðburðir og verkefni í vetur](#)

**Jólaball Suzukideildar** var haldið í Sunnulækjarskóla í desember með tilheyrandi tónlistarflutningi, göngu í kringum jólatré og söng.

**Jólakveðja tónlistarskólans** er orðin árlegur viðburður, en það var söngdeild sem færði Árneseingum jólakveðjuna að þessu sinni ásamt hljóðfæraleikurum úr ýmsum deildum skólans. [Jólakveðja Tónlistarskóla Árneseinga 2022](#) - Gleði og friðarjól eftir Magnús Eiríksson.

**Hljóðfærakynningar í grunnskólum** fara fram með hefðbundnu sniði á vorönn með fimm heimsóknum í alla 2. bekki í Árnessýslu.

**Heimsóknir.** Skólinn fær alltaf af og til heimsóknir. Í vetur kom m.a. verkefnið *Tónlist fyrir alla* og grunnskólanemendur á Selfossi til okkar, við fengum atvinnutónlistarfólk til samstarfs við söngdeild, þýskir gestir í umönnunarstörfum fengu leiðsögn um tónlistarskólafarar á Íslandi og færeyskir blokkflautunemendur sóttu æfingabúðir með blokkflautusveitum tónlistarskólans eina helgi.

**Leikið hér og þar.** Nemendur koma víða fram utan skólans og taka þátt í ýmsum ólíkum verkefnum. Má t.d. nefna heimsóknir á öll hjúkrunarheimili og dagdvalir eldri borgara á haustönn, jólaspilamennsku í desember um alla sýslu (s.s. á hjúkrunarheimilum, grunnskólum, leikskólum, fundum, verslunum og víðar), á bekkjatónleikum o.fl.

#### [Rekstur skólans - Kjarasamningar](#)

Rekstur skólans var í góðu jafnvægi árið 2023 sem sjá má í ársreikningi.

Gerður var skammtímakjarasamningur í desember 2024, sem gildir til 31. maí 2024.

8. apríl 2024  
*Helga Sighvatsdóttir*  
skólastjóri